

30,000 manna her Serkja við landamæri Alsír

Serkir skutu í gær niður franska fugvél

Algeirsborg og París,
9. marz — (NTB) —

Við á Alsír voru áframhaldandi óeirðir í dag og féllu a.m.k. 20 menn í Algeirsborg í morgun. Þá kom til alvarlegra átaka í Oran, en ekki er vitað hve mikið mannfall varð þar. Á landamærum Alsír og Túnis hefur dregið úr átökum hers útlagastjórnarinnar og franska hersins en stórskotalið þeirra skiptust á skotum í dag úr sprengjuvörpum og þyngri fallbyssum.

Í París hefur franska stjórn in gripið til viðtækra ráðstafana til að koma í veg fyrir aðgerðir OAS manna og hefur m. a. verið komið fyrir hriðskotabyssum á þaki byggingar þeirrar, þar sem innanríkisráðuneytið er til húsa skammt frá Elysée höllinni.

Franska fréttastofan AFP skýrði frá því í kvöld að vitað væri að a.m.k. 27 manns hafi fallið í átökum í Alsír í dag. En ljóst þykir að tala fallinna er mun hærri. Vitað er að 16 manns, þeirra á meðal fjórar

konur, féllu þegar franska öryggislögreglan hóf skothríð á vöruskemmu í Oran. Fjöldi Serkja hafði leitað hælis í vöru skemmum til að komast undan húsleit lögreglunnar í Serkja hverfinu. En húsleitinn var fyrirskipuð eftir endurteknar árássir Serkja á Evrópumenn. Lögreglan segir að Serkirnir í vöru skemmum hafi hafið skothríð á lögregluna að fyrri bragði.

ÁTÖK VIÐ LANDAMÆRIN

Á landamærum Alsír og Túnis hefur orðið nokkurt mannfall í átökum Serkja við franska herinn. Fréttum þaðan ber ekki saman og virðast Frakkar heldur draga úr því að hér sé um alvarlega árekstra að ræða. — Frakkar hafa þó viðurkennt að hafa misst þar tvo hermenn og að 13 hafi særzt. Þá segja þeir að átta serkneskir borgarar hafi fallið og rúmlega 30 særzt. — Frakkar draga til baka fyrri fréttir um að Serkir hafi gert tilraun til innrásar í Alsír frá Túnis, en segja að her útlagastjórnarinnar hafi haldið uppi skothríð úr sprengjuvörpum og fallbyssum á stöðvar Frakka við landamærin. Frakkar svöruðu skothríðinni, sem náði hámarki aðfararnótt miðvikudags. Hefur smá-dregið úr átökum í dag.

Sýning á listiðnaði 25 kvenna opnuð í dag

Í DAG kl. 3 verður opnuð sýning á nútíma listiðnaði íslenskra kvenna í Snorrasal á Laugavegi 18. Það er tímaritið Melkorka sem gengst fyrir þessari sýningu. Er þetta sölusýning og aðgangur ókeypis. Sýningin verður opin kl. 2—10 næstu daga.

Í sýningunni taka þátt 25 konur og sýna þarna alls konar listiðnað, bæði mjög nýttízkulegan að nokkru bundinn við eldri hefð. Þessar konur sýna: Ásdís Sveinsdóttir Thoroddsen sýnir skartgrip úr gulli og silfri, Ásgerður Ester Búadóttir, sýnir myndvef og veggteppi, Bergljót Friðriksdóttir sýnir ryavef og myndvef, Dolinda Tann er sýnir teppi með aladinnalastangi, Erna Sigurðardóttir Hansen, Gerður Hjörleifsdóttir og Svava Gísladóttir sýna myndvefnað, Guðrún Júlíusdóttir, tágavinnu, Gíslrún Sigurbjörnsdóttir, flosmottu og gobelinvef, Guðrún Jónasdóttir hördúka, trefla og sjöl, Herdís Gröndal veggskraut, Halldóra Jónsdóttir hnýtt teppi, Kristín Jónsdóttir sáldþrykk, Ragnhildur Ólafsdóttir


Stolið segulbands-tæki í Keflavík

Föstudagskvöldið 2. marz var stolið segulbandstæki úr bifreið í Keflavík. Gerðist þetta á tím anum frá kl. 20 til 2 um nóttina. Var segulbandið í bifreiðinni A-703, sem er rauð og hvít Chevroletbifreið af árgæði 1949, og stóð fyrir utan hraðfrystihús íð Snæfell. Var segulbandstækið grátt á botninn, en hliðar dökk grár.

Biður Keflavíkurlögreglan þá sem kynnu að hafa orðið varir við mannaferðir þarna um að gera sér aðvart.

ir veggdregil, Rósa Eggertsdóttir jurtalímingar, Sigríður Björnsdóttir brenndar trémyndir, Sigríður Halldórsdóttir brekan, rya, krabbavef og glitvef, Sigrún Jónsdóttir batik, Sigrún Gunnlaugsdóttir steinda skartgrip, Steinunn Marteinsdóttir keramik, Sólborg Gunnarsdóttir ullarmuni, Vigdís Kristjánsdóttir ryavef, myndvef, gobelinvef og nálaflös úr togi, Vigdís Pálsdóttir hnýtt teppi og Þóra Marta Stefánsdóttir smeltskál.

NA 15 hnútar * Svákoma Stúrir Regn- Kuldskil H. Hæð
SV 50 hnútar * Úði R. Prumar evaði Hiteskil L. Lagð



Kl. 11 í gær var Ísland í NA lægum loftstraumi, bjart sunnanlands, en el á stöku stað norðanlands. Yfir Bretlandseyjum var hæg suðlæg átt, hlýtt og sums staðar súl. Allar breytingar á kortinu eru hægara, og eru því horfur á svipuðu veðri áfram.

Veðurútlit kl. 10 í gærkvöldi: Suðvesturmið: NA kaldi og léttskýjað, hvass austan og skýjað á djúpmiðum. Suðvesturland til Breiðafj., Faxaflóamið og Breiðafj.: NA kaldi, bjartviðri. Vestfirðir

RÚSSNESKAR FALLBYSSUR

Talið er að útlagastjórnin hafi um 30.000 manna her við landamærin og fréttastofa Reuters hefur það eftir áreiðanlegum heimildum að herinn sé búinn nýjum rússneskum fallbyssum með 75 mm. hlaupvídd. Fransk-herflugvélar voru sendar frá flugstöðinni í Bone til árása á

Framhald á bls. 23.

Bæjarbruni í Ölfusi

Hveragerði, 9. marz. —

Bærinn Litli-Saurbær í Ölfusi skemmdist mjög mikið af völdum bruna í dag.

Í Litla-Saurbæ búa hjónin Jón Helgason og Margrét Kristjánsdóttir, en sonur þeirra, Sverrir Jónsson, stendur fyrir búi. Einn íg býr þar annar sonur þeirra, Kristján Jónsson sérleyfishafi, en hann var ekki heima, þegar eldurinn kom upp.

Bærinn er steinsteyptur, einlyft hús með risi, en timburgólf milli hæða. Eldurinn kom upp milli hæða í suðausturenda hússins á öðrum tímamum í dag. Mun fólkið ekki hafa orðið eldsins vart fyrst í stað, því að frú Margrét var að steikja kleinur í eldhúsinu, svo að reyklarlyktar innar gættu ekki. Um kl. 13:30 fannst Jóni annarleg bruna-stybbi vera komin í húsið, svo að þau hjónin litu upp á loftið. Var þá magnaður eður og reyklar-kóf.

Hringt var í slökkviliðið í Hveragerði, en þangað er um tíu mínútna akstur. Lítið kom mjög fljótt á vettvang, þótt slökkviliðsmenn væru allir við dagleg störf, og yrðu sumir að fara vettlingalausir og klæðalitir. Sverrir var við beitarhús um tíu mínútna gang frá bænum, og vissi hann ekki um brunann, fyrr en hann sá slökkviliðsbílana þjóta heim í hlað.

Þegar slökkviliðið kom, var eldurinn mjög magnaður í suðausturluta risans, og eins voru eldtungur farnar að teygja sig niður í svefnherbergi hjónanna



Hér er verið að taka sýnishorn í gær úr danska saltskipinu Idalith. Árangur þeirrar rannsóknar varð sá, að ekki var talið óhætt að selja salt ið til fiskisöltunar. (Ljós. Mbl. Ó. K. M.).

10—12 daga saltleysi í Rvík

SALTID UM borð í saltskipinu Idalith, sem liggur í höfninni í Reykjavík, hefur verið athugað. Þar sem ekki þykir fullvíst, að sá saltfarmur sé ómengaður af kopar, verður það salt ekki selt til fiskisöltunar. Verður birgðastöð Kol & Salt hér í Reykjavík því saltlaus í 10—12 daga, en að þeim tíma liðnum á að vera komið salt hingað, sem óhætt á að vera að nota í saltfiskinn. — Hins vegar verður ekki saltskortur á Suðurnesjum, því að í dag kemur saltskip til Keflavíkur, eins og skýrt var frá í Mbl. í gær. Saltbirgðirnar, sem hér eru, eru nothæfar til alls annars en til fiskisöltunar.

Keyptu sófa með afborgun og seldu fornsala

Í FYRRADAG bar svo við að tveir ungir menn komu inn í húsgagnaverzlun eina hér í bænum. Festu þeir kaup á forlata sófa, og gerðu kaupsamning þar að lútandi en húsgögn er víðast hvar hægt að fá með afborgunum nú til dags.

Piltarnir fengu sér síðan sendi ferðabíl og óku sófanum rækleiðis til fornsala, þar sem þeir seldu hann fyrir 2000 krónur. Kaupsamningurinn í húsgagnaverzluninni hljóðaði hinsvegar upp á 5000 krónur. — Ökumanni sendi-

ferðabílsins greiddu piltarnir með ávisun, en þegar bílstjórnin framvísaði henni kom á daginn að innistæða var ekki fyrir hendi.

Rannsóknarlögreglan fékk mál þetta til meðferðar í gærmorgun. Þá hefur húsgagnaverzlunin, sem seldi piltunum sófan, komið við sögu í máli þessu, en samkvæmt samningum, sem gerðir eru um afborganir, er skýrt tekið fram að kaupandinn öðlast ekki eignarrétt á því, sem hann kaupir, fyrr en andvirðið er að fullu greitt.

Skáldkonur kynntar

NÆSTKOMANDI sunnudag kl. 2 e.h. mun Stúdentaráð Háskóla Íslands gangast fyrir bókmennta kynningu í hátíðasal Háskólans. Mun hún vrða helguð verkum nokkurra íslenskra skáldkvenna frá 17., 18. og 19. öld.

Frá 17. öld má nefna Hildi Arngrímsdóttur lærða, en hún var móðir Páls Vídalín, lögmanns og skálds. Frá 18. öld verða m.a. kynntar þær Látra-Björg og Katrín, dóttir sr. Jón Steingríms sonar. Af 19. aldar skáldkonum má nefna Vatnsenda-Rósu og Guðnýu Jónsdóttur frá Klömbum.

Sumt af verkum þeirra kvenna, er kynntar verða hefur ekki áður komið fyrir almenningsjónir, þar sem margt af því er óprentað í handriti á Landsbókasafninu.

Frú Guðrún P. Helgadóttir, skólastjóri, mun flytja erindi um skáldkonurnar og velur hún það efni, sem flutt verður en það eru einkum ljóð þ.a.m. ljóðabréf og eitt ævintýri. Sem kunnugt er

hefur frú Guðrún um fjölda ára rannsakað skáldskap íslenskra kvenna og grafið úr gleymsku margt merkilegra hluta. Auk hennar munu þau Lárus Páls-son, leikari, Óskar Halldórsson, cand. mag. og stúdentarnir Briet Héðinsdóttir og Hugrún Gunnarsdóttir lesa upp.

Aðgangur að bókakynningu þessari er ókeypis og öllum heimill.

Málverkasýning að Týsgötu 1

Í DAG kl. 2 opnar Sigurður Kristjánsson málverkasýningu að Týsgötu 1. Sýnir hann þar um 20 myndir allar gerðar á fyrri ári og þessu.

Þetta er þriðja sýning Sigurðar hér í bænum og er afmællissýning. Sýningin verður næstu viku, opin kl. 2—7. Umsjónarmaður sýningarinnar er Kristján Fr. Guðmundsson.